

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Steinar Ásgeirsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 29. ágúst 2024
UST202408-015/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Gerðarkot og Þorgrímsstaðir - Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfus er barst 2. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Gerðarkot og Þorgrímsstaði.

Í greinargerð kemur fram gert er ráð fyrir að svæðinu verði deilt upp í tvö svæði þar sem annars vegar verða 4 íbúðarlóðir og hins vegar 3 íbúðarlóðir.

Svæðin eru aðskilin með óbyggðu svæði þannig að ekki séu fleiri en 5 samliggjandi íbúðarlóðir.

Í greinargerð kemur einnig fram að gamall verndaður sjávarkambur er vestan og ofan skipulagssvæðisins og snertir skipulagið hann ekki.

Umhverfisstofnun bendir á að sjávarkamburinn er á náttúruminjaskrá¹ og eru þar minjar um sjávarstöðubreytingar í lok ísaldar.² Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í greinargerð að kamburinn sé á náttúruminjaskrá, en að mati

Umhverfisstofnunar mun tillagan eins og hún er sett fram ekki raska kambinum. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að setja skilyrði um að óheimilt sé að raska sjávarkambinum.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur

¹ <https://natturuminjaskra.ni.is/>

² <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>